

132

29. okt.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að telja megi tímabært eins og á stendur, að framleiða á Íslandi áfengt öl og selja hinu brezka setuliði slíkt öl, með því að það neytir áfengs öls hér í landinu, sem það annars flytur inn.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, meðferð refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

133

16. nóv.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um frestun á gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að þar sem öll umferð á vegum landsins hefir aukizt mjög á þessu ári vegna komu hins brezka setuliðs til landsins, þyki ekki rétt, að breytingar þær á umferðareglum, sem bifreiðalög nr. 75 7. maí 1940 og umferðalög nr. 110 30. maí 1940 hafa að geyma, komi til framkvæmda fyrst um sinn, með því að þær myndu nú geta valdið óvenjulegri umferðaslysahættu, sem ekki var fyrirsjáanleg er lög þessi voru sett. Þykir því rétt að fresta framkvæmd framangreindra laga um óákveðinn tíma.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið: 133 16. nóv.

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

134  
16. nóv.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa og Flugmálafélag Íslands hafi undanfarin ár í samráði við bæjaryfirvöld Reykjavíkur haft til athugunar flugvallarstæði í nágrenni Reykjavíkur. Á síðastliðnum vetri varð samkomulag milli þessara aðilja um að flugvöllur væri lang bezt settur á svæðinu milli Skerjafjarðar og Vatnsmyrar, og á skipulagsupprætti Reykjavíkur var flugvöllur ákveðinn á þessum stað. Jafnframt skorðu téðir aðiljar á ríkisstjórnina að ná eignarhaldi á því landi á flugvallarsvæðinu, er væri eign einstakra manna.

Þar sem ekki er til skýr heimild handa ríkisstjórninni til eignarnáms á landi til flugvallargerðar telur atvinnumálaráðherra, að brýna nauðsyn beri til að afla slíkrar heimildar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu fellst ráðuneytið á að setja bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnu-  
málaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.